

## 66.fundur

26. maí 2015

1002008SA BOH  
Málalykill: 524

### **Fundargerð samstarfsnefndar Sambands íslenskra sveitarfélaga og Félags kennara og stjórnenda í tónlistarskólum**

66. fundur samstarfsnefndar Sambands íslenskra sveitarfélaga og KÍ vegna Félags kennara og stjórnenda í tónlistarskólum var haldinn föstudaginn 26. maí 2015 að Borgartúni 30 og hófst hann kl. 09:30.

Mætt voru f.h FT, Sigrún Grendal og Guðbjörg Sigurjónsdóttir, af hálfu SNS mættu Atli Atlason og Bjarni Ómar Haraldsson sem einnig ritaði fundargerð.

Þá var gengið til dagskrár.

#### **1. Skerðing á kennsluhluta launa skólastjóra vegna verkfalls haustið 2014.**

Erindið varðar skólastjóra tónlistarskóla sem er á undanþágulista sveitarfélags (sbr. 19. gr. laga nr. 94/1986). Skólastjórinn hefur kennsluskyldu en lagði kennslustörf niður á meðan verkfalli stóð í samræmi við leiðbeiningar frá verkfallsstjórn FT. Leitað er álits á því hvort sveitarfélaginu sé heimilt að skerða laun skólastjórans sem nemur kennsluhluta starfsins þann tíma sem verkfall varði.

#### **Niðurstaða**

Málinu frestað meðan frekari upplýsinga er aflað.

#### **2. Erindi er varðar launasetningu kennara sem tók að sér tímabundna skólastjórnun við tónlistarskólann á Ísafirði.**

#### **Niðurstaða**

Málið rætt. Afgreiðslu frestað til næsta fundar.

#### **3. Kjarasamningsbrot í tónlistarskóla.**

#### **Niðurstaða**

Samstarfsnefnd vill bóka eftirfarandi vegna málsins:

Svo framkvæmd við ákvörðun á lengd starfstíma tónlistarskóla sé gild er bent á eftirfarandi í kjarasamningi FT og SNS:

Grein 2.1.5 í kjarasamningi um árlegan starfstíma tónlistarskóla hljóðar svo:

„Skóladaðar nemenda skulu vera á tímabilinu 20. ágúst til 5. júní og skal starfstíminn aðlagður starfstíma grunnskóla á sama svæði þannig að frávik nemi ekki meira en tveimur vikum. Tónlistarskólum er heimilt að taka upp vetrarleyfi nemenda og sveigjanlegt upphaf og lok skólastarfs með samþykki fræðsluyfirvalda hlutaðeigandi sveitarfélags. Skólastarf skal þó ekki hefjast fyrr en 15. ágúst og ljúka ekki síðar en 15. júní.“

„Í þeim sveitarfélögum þar sem starfstími grunnskóla telur 37 vikur getur starfstími tónlistarskóla farið niður í 35 vikur skv. ákvæði gr. 2.1.5 hér að framan.

Í þeim sveitarfélögum sem starfstími grunnskóla er styttri en 37 vikur, sbr. heimild um að fella 5 starfsdaga kennara á starfstíma skóla inn í vikulegt vinnuskipulag að hluta eða öllu leyti eða undanþágur sbr. framangreint, getur starfstími tónlistarskóla styst að sama skapi, í samræmi við ákvæði um mögulegt frávik að tveimur vikum.“

(Úr sameiginlegri tölvupóstsendingu Félags kennara og stjórnenda í tónlistarskólum og Sambands íslenskra sveitarfélaga til starfsmanna sveitarfélaga/skóla um starfstíma tónlistarskóla / sent 6. sept. 2012).

Ef sveitarfélag/skóli hefur hug á að gera breytingar sem ganga lengra en leyfilegt frávik í gr. 2.1.5 kveður á um vísast til gr. 2.1.2 í kjarasamningi „Vinnutíma breytt með samningi“. Greinin hljóðar svo:

„Heimilt er að haga vinnu með öðrum hætti en í kafla þessum greinir með samkomulagi starfsmanna og atvinnurekenda og með samþykki stéttarfélaganna. Einnig er heimilt að semja við einstaka starfsmenn um rýmkun á dagvinnutímabili og um ákveðið frjálsræði um það hvenær vinnuskyldu er gegnt.“

Breytingar á lengd starfstíma tónlistarskóla sem ganga lengra en leyfilegt er skv. ákvæði gr. 2.1.5 í kjarasamningi aðila þarf að framkvæma með samkomulagi starfsmanna og atvinnurekenda og samþykki stéttarfélaga, eins og kveðið er á um í gr. 2.1.2 hér að framan, að öðrum kosti væri framkvæmdin brot á ákvæði kjarasamninga og breytingin þar með ógild.

#### 4. Önnur mál

Engin önnur mál

Fundi slitið klukkan 11:00.